

Miðvikudaginn 10. september 1997.

Nr. 14/1997.

Alþýðusamband Íslands
f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna
v/Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands
 (Gunnar Guðmundsson hdl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
v/Sinfóníuhljómsveitar Íslands
 (Jakob R. Möller hrl.)

Kjarasamningur. Vinnutími. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 29. ágúst sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Guðmundur Skaftason.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík, fyrir hönd Félags íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27, kt. 530169-5539, Reykjavík, vegna Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands, kt. 570271-0249.

Stefndi er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði aðallega með dómi Félagsdóms að skilja beri síðastgildandi kjarasamning málsaðila og framkvæmd hans þannig að stefnda hafi verið óheimilt að fjölga einhliða hljómlækum í september 1996 með því að ákveða föstudagstónleika þann 13. september 1996 án samráðs eða samþykkis stefnanda umfram hefðbundna fimmtudagstónleika þann 12. september 1996 og laugar dagstónleika þann 14. september 1996 með stoð í grein 2.6.2. á kostnað samæfingartíma eins og hann er tilgreindur í grein 2.3.1. og greiða beri hljómsveitarmönnum fyrir slíka aukatónleika með 3.5 klst. á yfirvinnuálagi.

2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að skilja beri b-lið greinar 4.1.1. í síðastgildandi kjarasamningi þannig að stefnda beri að greiða hljómsveitarmönnum á ferðalögum innanlands 4.5 klst. á dagvinnukaupi auk 45% álags standi ferðin yfir laugardag og

sunnudag að viðbættum 6 klst. á yfirvinnukaupi samkvæmt grein 1.4.1. dag hvern, þ.á.m. frídaga, þ.e. 1.0385% álag á mánaðarlaun miðað við launaflokk og launaþrep viðkomandi starfsmanns.

3. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Dómkröfufiliður nr. 1.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafi verið stofnað af öllum samningsbundnum hljómsveitarmönnum þess til þess m.a. að semja um kaup og kjör félagsmanna og fylgjast með því að samningsákvæðum væri fylgt en aðalviðsemjandi hafi verið stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs í samræmi við ákvæði 3. mgr. 6. greinar laga nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands, en þar segi að um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fari eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra. Í 2. mgr. 1. greinar sömu laga komi fram að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lúti sérstakri stjórn. Málefni hennar heyri undir menntamálaráðuneytið.

Allir félagar í Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitarinnar séu jafnframt félagsmenn í Félagi íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) enda teljist félagið deild í FÍH.

Ágreiningur málsaðila hafi staðið um nokkurt skeið um túlkun á kjarasamningi aðila.

Allt frá stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1950 hafi vinnufyrirkomulag verið með mjög hefðbundnu sniði. Undirbúningur hljómsveitarinnar hafi að jafnaði hafist á föstudegi fyrir tónleika hljómsveitarinnar sem haldnir hafi verið í áronna rás einu sinni í viku á fimmtudagskvöldum. Vinnuskylda hljómsveitarinnar hafi skipst þannig að hluta vinnuskyldunnar hafi verið varið til samæfinga og hljómleikahalds, (nú 24,5 klst., sbr. grein 2.3.1. í síðastgildandi samningi aðila) og hluta til heimavinnu (nú 15.5 klst., sbr. 2.3.1. í samningi aðila). Ef framangreindar stundir vegna samæfinga og hljómleikahalds séu sundurliðaðar hafi að jafnaði 3.5 klst. farið í hljómleikahald, sbr. grein 2.6.1. í samningi aðila, 2.5 klst. í undirbún-

ingstíma og loks 18.5 klst. í æfingatíma. Æfingatíminn teljist því að meðaltali 3.7 klst. á dag frá mánud. – föstud.

Þessi háttur hafi myndast til þess að hljómsveitarmönnum geti gefist kostur á að ná tókum á hinum listræna og tæknilega þætti flutningsins fyrir fimmtudagstónleikana. Heimavinna hljómsveitarmanna sé að jafnaði 2.2 klst. á dag alla daga vikunnar og teljist heimavinnan innan vikulegrar vinnuskyldu þrátt fyrir að a.m.k. 4.4 klst. af henni séu unnar á laugar- og sunnudögum. Hliðstæð dæmi finnist varla hjá launþegum þessa lands.

Af hálfu stefnda hafi ávallt verið samið við stefnanda sérstaklega, annað hvort með kjarasamningsákvæði eða á annan hátt, ef halda þyrfti fleiri tónleika á viku en framangreinda fimmtudagstónleika. Komi það t.d. fram í undanþáguákvæðum síðastgildandi kjarasamnings málsaðila, þar sem kalla megi hljómsveitina til starfa 6 laugardaga á starfsárinu, sbr. grein 2.7.1. í kjarasamningi aðila, og hafi það getað rúmast innan framangreindrar vinnuskyldu án yfirvinnugreiðslna. Sjá ennfremur ákvæði um skólahljómleika, stofnanatónleika og vinnustaðatónleika í grein 2.6.2. í kjarasamningi aðila og tónleikaferðir erlendis, sbr. kafla 4.2. í kjarasamningi aðila.

Utan hins almenna kjarasamnings hafi Starfsmannafélag S.Í. nokkrum sinnum samið sérstaklega við stefnda um fleiri tónleika innanlands en venjubundin heimild hafi náð til, þ.e. fimmtudagstónleika auk framangreindra laugardagstónleika. Nefna megi samkomulag um æfingafyrirkomulag frá 18.9.1989, breytingu á því frá 1991 og 22.04. 1992, samkomulag frá 16.4. 1993, samþykkt dagsetta 8.7. 1994 og samkomulag frá 17.12. 1996. Stefndi hafi þann 19.4. 1994 sagt upp framangreindu samkomulagi frá 18.9.1989. Í meginatriðum hafi vinnutilhögun ekkert breyst þrátt fyrir uppsögnina. Fyrir starfsárið 1994-1995 hafi verið gert samkomulag um örtilta tilfærslu á vinnutíma að ósk aðalhljómsveitarstjóra Osmo Vänskä. Fallist hafi verið á að vinna áfram eftir Vänskä-vinnuáætluninni fyrir starfsárið 1995-1996. Sú heimild hafi hins vegar ekki verið nýtt nema að litlu leyti af hálfu vinnuveitanda og hafi vinnutíminn það starfsár að mestu verið samkvæmt samkomulaginu frá 1989 með síðari breytingum.

Á miðju starfsári 1995-1996 hafi verið undirritaður nýr kjarasamningur aðila þann 20. desember 1995. Sá samningur hafi ekki veitt vinnuveitanda neinar nýjar heimildir varðandi tilfærslu vinnu-

skyldu úr dagvinnu yfir í næturvinnu enda hafi framkvæmdastjóra hljómsveitarinnar verið fullkunnugt um að öllum kröfum þar að lútandi yrði hafnað af hálfu fulltrúa starfsmannafélagsins og FÍH. Stefndi hafi hins vegar nú reynt að ganga lengra heldur en heimild hans ná til samkvæmt kjarasamningi aðila og áratuga framkvæmd á vinnutilhögun.

Rætur ágreinings aðila megi rekja til upphafs þessa starfsárs hjá hljómsveitinni sem hófst hinn 1. september 1996 er Sinfóníuhljóm-sveit Íslands hafi sent vinnuáætlun til hljómsveitarmanna fyrir september 1996 er þeim hafi borist í hendur um miðjan ágústmánuð svo sem venja sé. Formaður starfsmannafélagsins hafi yfirfarið vinnu-áætlunina í því skyni að koma með hugsanlegar ábendingar. Vikan 9.-14. september hafi strax vakið athygli hans. Hún hafi verið óvenjuleg að tvennu leyti. Annars vegar hafi æfingar verið stytta á hverjum degi og hins vegar þrennir tónleikar í viku, þ.e. hefðbundn-ir fimmtudagstónleikar og einn af sex laugardagstónleikum auk við-bótartónleika. Þegar æfinga- og tónleikatímarnir voru taldir saman þessa viku hafi komið í ljós að þeir voru 22 eða sama tala og vinnu-skylda hljómsveitarmanna.

Framkvæmdastjóri S.Í. hafi síðan staðfest í samtali við formann að ekki stæði til að greiða yfirvinnu þessa viku vegna þriðju tónleik-anna. Þessu hafi strax verið mótmælt af hálfu stefnanda og bent á að ekki gæti staðist að búa til tónleikatíma úr brotum af venjulegum æfingatíma hljómsveitarinnar. Ennfremur væri áralöng hefð fyrir því að greiða þriðju tónleika í sérhverri viku, þ.e. aldrei áður hafi fleiri en tvennir tónleikar rúmast innan vikulegrar vinnuskyldu. Þessu hafi hvorki verið mótmælt af framkvæmdastjóra þá né síðar.

Síðar hafi komið í ljós að þessi æfingatími reyndist ekki nægur og þurfti hljómsveitarstjórinn Yuasa að fara fram á viðbótaræfingatíma sem greiddur hafi verið með yfirvinnukaupi.

Stjórn starfsmannafélagsins hafi komið saman í septemberbyrjun 1996 og mótmælt þessum nýju vinnubrögðum kröftuglega og boðað síðan til félagsfundar þann 12. september 1996 þar sem forðæmd hafi verið vinnubrögð framkvæmdastjóra S.Í. varðandi vinnutilhög-un vikunnar 9.-14. september 1996 þar sem hluti æfingatíma sem samkvæmt kjarasamningi (gr. 2.4.1.) skuli vinna í dagvinnu sé færð-ur á tónleika að kvöldlagi.

Bréflög mótmæli hafi verið send stefnda þann 24. september 1996.

Í framhaldi af þessu hafi framkvæmdastjóri S.Í. og formaður starfsmannafélagsins hist og gert með sér samkomulag þar sem málinu hafi verið vísað til samstarfsnefndar. Samstarfsnefndarfundur hafi verið haldinn 9. október 1996. Á þeim fundi hafi vinnutímamálið verið rakið í stórum dráttum og fundi síðan slitið áður en nokkur niðurstaða fékkst. Þann 28. október 1996 hafi stefnanda borist bréf frá fjármálaráðuneytinu þar sem færð voru rök fyrir því að framkvæmdastjóri S.Í. hafi verið í fullum rétti og hafi málaleitan stefnanda verið vísað á bug. Beiðni stefnanda um annan fund í samstarfsnefndinni hafi verið hafnað af fjármálaráðuneytinu með bréfi þann 20. janúar 1997.

Í desembermánuði síðastliðnum hafi framkvæmdastjóri S.Í. reynt að fara inn á sömu braut og í september 1996 varðandi Vínartónleika með því að setja þrenna tónleika í sömu viku innan vinnuskyldu. Því hafi tekist að forða og 17. desember 1996 hafi verið undirritað sérsamkomulag þar að lútandi milli málsaðila, þar sem fallist hafi verið á að greiða tvöna af fernum tónleikum og frestur gefinn á að leysa þetta mál fram til janúarloka ella yrði málinu skotið til Félagsdóms. Hafi aðilar reynt til þrautar að ná sameiginlegri niðurstöðu varðandi þetta ágreiningsatriði. Af þeim sökum hafi verið nauðsynlegt að leita til Félagsdóms til þess að fá úr því skorið hvernig beri að túlka áðurgreind ákvæði kjarasamnings aðila.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila hafi runnið út þann 31.12. 1996 og sé unnið eftir honum þar til nýr kjarasamningur verði gerður en kjarasamningaviðræður standi yfir milli málsaðila.

Í almennum kjarasamningum séu að jafnaði ákvæði sem samtök launþega og vinnuveitenda semji um varðandi vinnutíma. Grundvallarreglan sé sú að dagvinnutími sé skilgreindur og séu dagvinnustundir yfirleitt um 8 klst. á dag á tímabilinu 7.30-17.00 fimm daga vikunnar, alls um 40 klst. á viku. Falli vikulegur vinnutími launþega utan framangreinds dagvinnutíma greiðist slík vinna með álagi sem yfirleitt sé 80% á dagvinnu eða 1,0385% af mánaðarlaunum. Sé hins vegar um að ræða fasta tímaafmarkaða og reglubundna vinnu sem unnin sé á vöktum semji aðilar stundum um 33% vaktaálag á þá tíma sem falli utan dagvinnutíma. Í þessu máli snúist deilan um það hvort vinnuveitandinn geti einhliða í blóra við ríkjandi framkvæmd án nánast nokkurs fyrirvara breytt skilgreindri vinnu (æfingatíma) í annars konar og meira krefjandi vinnu (tónleika) án samþykkis eða

samráðs við starfsmenn. Einnig hvort vinnuveitandinn geti hliðrað einhliða til föstum dagvinnutíma yfir á næturvinnu án þess að greiða yfirvinnuálag. Hér sé ekki um reglubundna vinnu að ræða heldur kvöldtónleika sem ákveðnir séu með skömmum fyrirvara og ekki í neinum tengslum við hefðbundinn vinnutíma.

Dómkröfufiliður nr. 2.

Samkvæmt launaseðli Sigurðar Ingva Snorrasonar, kt. 220450-3769 fyrir júnímánuð 1997 hafi Sigurður farið í tvær ferðir út á land þar sem greiddir hafi verið alls 12 tímar. Önnur ferðin hafi verið farin sunnudaginn 20. apríl s.l. til Akureyrar en hin ferðin til Laugaland í Holtum mánudaginn 28. apríl s.l.

Samkvæmt ákvæðum í grein 4.1.1. í kjarasamningi aðila beri að greiða hljómsveitarmönnum auk fastra launa 6 klst á yfirvinnukaupi. Standi ferðin yfir laugardag og sunnudag skuli auk þess greiða 4.5 klst. á 45% álagi skv. grein 1.5.1. fyrir hvorn dag. Í stað þess að greiða Sigurði kr. 11.824 vegna sunnudagsferðarinnar hafi stefndi hins vegar greitt Sigurði kr. 8.681.- samkvæmt ofangreindum launaseðli.

Fyrir framangreinda ferð til Laugaland þann 28.4. s.l., sem farin var á virkum degi hafi Sigurður hins vegar fengið greidd föstu launin kr. 5.460.- auk 6 klst. á yfirvinnukaupi samtals kr. 12.831.-. Hér sé vinna á helgidegi ekki verðlögð af hálfu vinnuveitanda eins og almennt sé viðurkennt bæði í kjarasamningi aðila og í kjarasamningum almennt.

Stefndi túlkar ákvæði áðurnefnds ákvæðis í grein 4.1.1. á annan hátt en fulltrúar Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands og verði því að fá úrskurð Félagsdóms varðandi rétta túlkun framangreinds ákvæðis.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Dómkröfufiliður nr. 1.

Stefnandi byggir á því að föst venja sé að greiða þriðju tónleika með yfirvinnuálagi enda annað óheimilt því að ella væri verið að hliðra dagvinnu yfir á næturvinnu. Eins og sjáist á vinnuáætlunum hljómsveitarinnar sem liggja frammi í málinu hafi fastir tónleikar hljómsveitarinnar í Háskólabíói um áratugaskeið verið á fimmtudagskvöldum. Aðrir tónleikar sem hljómsveitin hafi haldið hafi verið 6 tónleikar á laugardögum, skólahljómleikar á dagvinnutíma, vinnustaðahljómleikar og hljómleikar úti á landi og erlendis.

Ágreiningurinn snúist eins og áður segir aðeins um það þegar yfirstjórn hljómsveitarinnar ákveði að hafa aukakvöldtónleika í Háskólabíói á öðrum dögum en fimmtudögum og þeim sex laugardögum, sem heimild sé fyrir í grein 2.7.1. Stefnandi telji að greiða eigi 3.5 klst. á yfirvinnuálagi fyrir þessa aukatónleika en stefndi telji að heimilt sé að fella þessa kvöldtónleika inn í vinnuskyldutíma og beri ekki að greiða yfirvinnuálag fyrir þessa tónleika, þar sem vinnuskylda hljómsveitarmanna sé ótvíræð og greiðslan fyrir tónleikana hluti af föstum launum, þar sem æfingatími sé stytur sem samsvari þessum 3.5 klst.

Þegar kjarasamningur aðila sé lesinn sjáist hve réttarstaða hljóðfæraleikara sé traust hvað viðkomi skilgreiningu á vinnutilhögun, þar sem leita þurfi samþykkis hljóðfæraleikara varðandi breytingar á hefðbundinni vinnutilhögun innan dagvinnutímabils. Megi í þessu sambandi benda á ákvæði í grein 2.4.1. varðandi það að hliðra morgunæfingatíma á bilinu 9.30 til 13.30 yfir á síðdegi en slíkt þurfi að gerast með samþykki starfsmannastjórnar S.Í. Hér sé ekki verið að breyta æfingatíma í tónleikahald. Hér sé einungis verið að færa æfingatíma innan dagvinnutímabils. Af þessu leiði að gera verði enn meiri kröfur til samþykkis stefnanda ef æfingatíma er breytt í hljómleika. Önnur ákvæði um samþykki og samráð stefnanda varðandi vinnuskyldu og vinnutilhögun sé að finna í grein 2.2.1. (færri en 8 hljóðfæraleikarar boðaðir til hljóðritana), í grein 2.6.3. (samráð við gerð mánaðarlegrar starfsáætlunar) og í grein 2.6.4. (samráð við breytingar með skömmum fyrirvara á vinnutilhögun). Ef sá skilningur stefnda að hann gæti haft tónleika hvenær sem væri innan starfstímabils eða dags væri réttur, væru sérákvæði í kjarasamningi aðila um laugardagstónleika og aðra tónleika ónaúðsynleg. Staðreyndin sé hins vegar sú að þessi undanþáguákvæði taki af allan vafa um að stefndi hafi teygt sig of langt í túlkun með því einhliða að ákveða þriðju tónleika innan vinnuskyldu og synja síðan greiðslu yfirvinnukaups fyrir þessa tónleika.

Í kjarasamningi aðila takmarki því kjarasamningsákvæði mjög rétt vinnuveitanda til einhliða afskipta varðandi listrænan undirbúning og æfingar hljómsveitarmanna. Staðreyndin sé sú að skerðist æfingatími með því að fjölga tónleikum minnki þær kröfur sem vinnuveitandi geti gert til hljóðfæraleikara. Lítil eða enginn undirbúningur komi óneitanlega niður á flutningnum, sem fengi neikvæða

umfjöllun í fjölmiðlum og drægi úr aðsókn á hljómleika hljómsveitarinnar. Slíkt sé hvorki til framdráttar metnaðarfullum tónlistarmönnum né vinnuveitanda þeirra sem verði fyrir ófyrirséðu tekjutapi vegna slælegs undirbúnings. Þriðju tónleikar í sömu viku krefjast aukinnar heimavinnu, sem metnaðarfullir starfsmenn hljómsveitarinnar hafi lagt á sig í slíkum tilvikum til að geta skilað vel unnu verki en sú yfirvinna sé bæði þvinguð og ólaunuð og fráleitt hægt að byggja að nokkru leyti á henni.

Sú staðreynd að framlög á fjárlögum hafi dregist saman til Símfóníuhljómsveitar Íslands hafi haft það í för með sér að stjórnendur S.Í. hafi leitað annarra tekjuleiða. Væntanlega hafi þeir séð sér leik á borði að búa til aukahljómleika, sem að þeirra mati myndu geta fallið innan vinnuskyldumarka kjarasamnings aðila. Þannig verði til tekjur af tónleikum án verulegra aukaútgjalda af þeirra hálfu. Dæmið sé hins vegar ekki svona einfalt og sé í raun óframkvæmanlegt nema um þetta sé full sátt milli samingsaðila.

Við túlkun á kjarasamningum beri að líta á orðalag samningsins og hvernig hann hafi verið skilinn og framkvæmdur í áranna rás. Meginreglan sé sú að sá sem haldi fram annarri túlkun á kjarasamningsákvæði en löng framkvæmd staðfesti hafi sönnunarbyrði fyrir hinni nýju túlkun. Orðalag samnings verði þá að vera sérstaklega skýrt til stuðnings hinni nýju framkvæmd.

Í þessu máli hafi stefndi því sönnunarbyrði fyrir þeirri nýju túlkun að heimilt sé án samráðs eða samþykkis hljómsveitarfólks að færa vinnuskyldu í dagvinnu yfir á kvöldvinnu með því að breyta æfingatíma að morgni í tónleika að kvöldi, rofnum úr tengslum við annan vinnutíma. Orðalag kjarasamnings aðila varðandi vinnutímaskyldu hafi ekkert breyst varðandi þetta atriði síðan 1989 og framkvæmdin ekkert breyst þá né síðar allt frá 1950, þ.e. að félagsmönnum stefnanda sé greitt yfirvinnuálag á tónleikum séu þeir fleiri en þeir tvennir sem kjarasamningur heimilar. Hafi það verið ætlunin hjá stefnda í kjarasamningaviðræðum aðila að breyta þessu atriði hafi honum borið að gera kröfu um það að stefnda væri hvenær sem er heimilt að breyta æfingatíma í tónleika og að slík vinna greiddist ekki með yfirvinnuálagi. Orðalag slíks ákvæðis hefði jafnframt þurft að vera mjög skýrt og afdráttarlaust.

Ef fallist væri á sjónarmið stefnda væri honum heimilt án samráðs eða samþykkis stefnanda að hafa allt að 6 tónleika á viku. Slík túlk-

un bryti vitaskuld í bága við grundvallaratriði þeirra kjarasamninga, sem gilda á hinum almenna vinnumarkaði um vinnutíma og þær almennu reglur sem gilda um réttindi starfsmanna og stjórnunarrétt vinnuveitanda. Túlkun þessi sé andstæð rótgróinni framkvæmd og séu því forsendur fyrir kjarasamningi aðila brostnar. Hún gæti haft verulega tekjuskerðingu í för með sér fyrir hljómsveitarmenn S.Í. og riðlað gjörsamlega persónulegum högum þeirra einstaklinga, sem vinna eftir kjarasamningnum, þar sem viðbótarkvöldtónleikar umfram hefðbundna séu í sumum tilvikum nær óframkvæmanlegir fyrir suma vegna fjölskylduhaga. Sú óvissa sem ríkja myndi um vinnutilhögun væri óþolandi og breytti samningi þess sem teldi sig aðallega ráðinn til dagvinnustarfa í næturvinnusamning án yfirvinnugreiðslna. Hljómsveitarmenn væru þá í þeirri óbærilegu stöðu að þeir vissu ekkert um sinn vinnutíma og gætu ekki gert neinar áætlanir fram í tímann þar sem stefndi gæti hvenær sem væri fært dagvinnu yfir á kvöldtónleika.

Sérsamningar, sem stefndi hafi talið sig þurfa að gera á síðastliðnum árum við stefnanda hafi margir tengst greiðslu fyrir „þriðju tónleikana“. Þetta feli að sjálfsögðu í sér þá viðurkenningu að stefndi telji sig ekki hafa þennan rétt einhliða. Þrátt fyrir að nú sé ekki í gildi sérstakt samkomulag um vinnutilhögun hafi framkvæmdin eins og áður segir ekkert breyst, þ.e. stefndi hafi greitt yfirvinnuálag fyrir „þriðju tónleikana“. Uppsögn stefnda á sérsamkomulagi aðila breyti heldur engu hér um og skapi stefnda engan rétt þar sem vinnutilhögunin og framkvæmd teljist hluti kjarasamnings enda hafi framkvæmd á henni ekkert breyst þrátt fyrir uppsögnina. Slíkri framkvæmd beri að segja upp með sama hætti og heildarkjarasamningi aðila. Þegar honum hafi verið sagt upp sé unnið eftir honum þar til nýr samningur hafi verið gerður eða hann hafi fallið niður með vinnustöðvun. Hvorugt hafi gerst og framkvæmdin eins og áður segir óbreytt. Hafi stefndi reynt að framkvæma annað hafi því ávallt verið harðlega mótmælt af hálfu stefnanda. Af þessum sökum, og séu almenn skýringarsjónarmið í vinnurétti höfð að leiðarljósi, sé óskiljanlegt af hálfu stefnda að brjóta svo sem raun beri vitni gegn áratuga framkvæmd aðila á kjarasamningsákvæðinu um vinnutíma og vinnuskyldu með því einhliða að ákveða að halda þriðju tónleika í september 1996 og synja síðan greiðslu yfirvinnuálags fyrir tónleikana.

Dómkröfuliður nr. 2.

Mótmælt er útreikningi starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins á launum Sigurðar Ingva Snorrasonar. Í þeim tveimur ferðum sem hann fór út á land í tónleikaferðir í apríl var önnur farin um helgi. Það var sunnudaginn 20. apríl 1997 þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika vegna Kirkjulistahátíðar.

Samkvæmt ákvæðum í grein 4.1.1. í kjarasamningi aðila beri að greiða hljómsveitarmönnum auk fastra launa 6 klst. á yfirvinnukaupi. Standi ferðin yfir laugardag og sunnudag skal auk þess greiða 4.5 klst. á 45% álagi skv. grein 1.5.1. fyrir hvorn dag. Í stað þess að greiða (6 x 1228.56 (yfirvinnukaup) =) kr. 7.371,- + (989.63 (45% álagstaxti) x 4,5 =) kr. 4.453,- = kr. 11.824,- greiðir stefndi Sigurði kr. 7.371 + (4,5 x 291,06 (45% álag) =) kr. 1.310,- = kr. 8.681,-.

Eins og sjáist af þeim launaseðli sem liggja frammi í málinu fyrir júnímánuð fari Sigurður í tvær ferðir þar sem greiddir séu alls 12 tímar vegna ferða út á land. Hin ferðin hafi verið farin til Laugalandis í Holtum mánudaginn 28. apríl s.l. Fyrir þá ferð fái hann föstu launin kr. 5.460,- auk 6 klst. á yfirvinnukaupi, samtals kr. 12.831,-.

Samkvæmt orðanna hljóðan í grein 4.1.1. í kjarasamningum aðila beri að greiða Sigurði Ingva Snorrasyni kr. 11.824,- fyrir vinnu sunnudaginn 20.4. s.l. Útreikningur stefnda brjóti í bága við þá grundvallarreglu að greiða eigi hærri laun fyrir vinnu á helgidögum. Sé gengið út frá því að ferð á laugar- eða sunnudegi standi í 10 klst. bæri samkvæmt útreikningi stefnda að greiða hljómsveitarmönnum kr. 8.681,- fyrir þá ferð. Ef Sigurður Ingvi Snorrason ætti hér í hlut fengi hann að meðaltali 868 krónur fyrir unna vinnustund eða 27% álag, sem er 53% lægra álag en almennt sé samið um á hinum almenna vinnumarkaði fyrir helgarvinnu.

Túlkun stefnda stangist einnig á við 1. grein laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Máli þessu sé stefnt fyrir Félagsdóm samkvæmt 38. grein laga nr. 80/1938, sbr. aðallega 2. tl. 44. greinar laga nr. 80/1938, og til vara samkvæmt 3. tl. 26 greinar laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Athugasemdir um formhlið málsins.

1. Aðild. Málinu sé stefnt til Félagsdóms á grundvelli 38. gr., sbr. aðallega 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, en til vara á grundvelli 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986. Hvorki Félag íslenzkra hljóðferaleikara né Al-

þýðusamband Íslands fari með samningsumboð fyrir starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þótt ekki sé gerð krafa um frávísun málsins á grundvelli óljósrar aðildar eða sýknu vegna aðildarskorts beri ekki að skilja það svo að stefndi viðurkenni þar með samningsumboð Félags íslenzkra hljóðfæraleikara vegna starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það umboð sé í höndum Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, samanber og meginreglu 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2. Reglan um munnlegan málflutning. Samkvæmt 52. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, eins og þeim hafi síðar verið breytt, sé almenna reglan sú, að mál fyrir Félagsdómi skuli flytja munnlega. Stefna málsins sé að svo verulegu leyti skriflegur málflutningur að hún sýnist brjóta í bága við ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, jafnvel þótt ákvæði 50. gr. laga nr. 80/1938 séu skoðuð með hinum ítrasta velvilja. Ekki er þó gerð krafa um frávísun málsins af þessum sökum.

Málsatvik

Ágreiningur aðila lúti að mismunandi skilningi á kjarasamningi milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem gerður var 20. desember 1995 með gildistíma til 31. desember 1996. Sé ágreiningurinn í tveimur þáttum, það er 1. um túlkun á ákvæðum gr. 2.3.1., samanber gr. 1.5.1. um vikulega vinnuskyldu, en 2. um túlkun á ákvæðum b-liðar gr. 4.1.1. um greiðslur á ferðalögum innanlands.

1. Ákvæði gr. 2.3.1. Í kjarasamningi frá 23. september 1986 voru í 3. kafla nákvæm ákvæði um skiptingu vikulegrar vinnuskyldu og þar var í gr. 3.5. sérstaklega tekið fram, að einir tónleikar á viku skyldu taldir hluti vinnuskyldu en annar tónlistarflutningur ekki, félli hann utan dagvinnutímabils. Samningnum fylgdi bókun þess efnis, að aðilar tækju þá þegar upp viðræður um breytta starfstilhögun hljómsveitarinnar, sem fæli meðal annars í sér rýmkaða tónleikaheimild og hafi verið stefnt að því að þeim viðræðum lyki fyrir 1. desember 1986.

Kjarasamningur hafi verið gerður á milli sömu aðila þann 3. maí 1987. Fyrir þá samningsgerð höfðu fulltrúar samningsaðila farið í kynnisferð til nokkurra hljómsveita í Evrópu og hafi það verið liður í viðræðum um breytta starfstilhögun samkvæmt ofangreindri bók-

un. Í samningnum sjálfum hafi verið svipuð ákvæði í 2. kafla um vinnuskyldu og skiptingu hennar og í samningi frá 23. september 1986, þar á meðal hafi verið sömu ákvæði í gr. 2.5.1. um eina tónleika á viku. Með samningnum hafi verið svokallað fylgiskjal varðandi breytingu á vinnutíma hljómsveitarmanna. Í reynd hafi þetta fylgiskjal leyst af hólmi ákvæði 2. kafla samningsins um vinnutíma þann 1. september 1987 og sett nýjar reglur í staðinn. Þar hafi orðið sú breyting á að í stað nákvæmrar skiptingar á vikulegum vinnutíma á milli eigin æfinga, samæfinga og tónleikahalds, hafi einungis komið tilgreining á vikulegri vinnuskyldu til samæfinga og hljómleikahalds en ekki sundurliðun á fjölda tónleika á viku. Þegar þessi skipan hafi tekið gildi hafi jafnframt hækkað öll starfsheiti samkvæmt samningnum um einn launaflokk. Virðist mega álykta að rýmkun á notkun vinnutíma hafi verið greidd með sérstakri launahækkun eins og algengt sé á vinnumarkaði. Hafi samningsaðilar þar með uppfyllt ákvæði bókunar með kjarasamningi um breytta starfstilhögun hljómsveitarinnar með rýmkaðri tónleikaheimild. Þessi breyting hafi svo verið staðfest með nokkrum breytingum, sem ekki hafi þýðingu hér, í kjarasamningi aðila dagsettum 16. júní 1989. Af þessum sökum sé framlagning vinnuáætlana frá 1985 til 1987 án þýðingar fyrir mál þetta, þær séu miðaðar við fyrirkomulag, sem báðir aðilar hafi verið sammála um að breyta vegna þess að það stæði hljómsveitinni fyrir þrífum. Markaðsforsendur muni hinsvegar ekki hafa verið til þess að haldnir yrðu þrennir tónleikar með sömu efnisskrá í sömu vikunni og hafi því ekki reynt beinlínis á hið nýja fyrirkomulag að þessu leyti í upphafi. Á framlögðu minnisblaði séu nokkur dæmi um tvenna tónleika innan vikulegrar vinnuskyldu eftir breytingu á samningi árið 1987 þar sem seinni tónleikarnir séu yfirleitt á laugardegi.

Þann 18. september 1989 hafi verið gert minnisblað á milli stjórnenda hljómsveitarinnar og Starfsmannafélagsins um æfingafyrirkomulag og fleira. Minnisblað þetta („leyniplaggið“) hafi ekki verið gert á milli samningsaðila. Minnisblöðin hafi verið innanhússplögg, sem Fjármálaráðuneytið, sem fari með samningsaðild fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, hafi ekki verið aðili að og sennilega ekki vitað um, a.m.k. í upphafi.

Samkvæmt minnisblaði þessu hafi verið gert ráð fyrir því í töflu um æfingafyrirkomulag að fleiri tónleikar en tveir væru á viku en

ekkert tekið fram um að ekki væri unnt að hafa fleiri tónleika enda rúmuðust þeir innan vinnuskyldu. Sjá megi ráðagerð um að tónleikar séu tvö kvöld í röð, utan laugardaga, samkvæmt breytingum sem hafi verið gerðar á æfingafyrirkomulaginu.

Með bréfi dagsettu 19. maí 1994 hafi Sinfóníuhljómsveit Íslands sagt upp fyrirkomulagi samkvæmt minnisblaðinu frá 18. september 1989 með síðari breytingum. Hafi uppsögnin verið studd umsögn frá Starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytis þess efnis að minnisblaðið fæli ekki í sér samkomulag sem jafna mætti til kjarasamnings og væri því uppsegjanlegt með sama fyrirvara og gildi um ráðningarkjör.

Á minnisblaði dags. 11. júní 1996 séu rakin dæmi um fleiri en eina tónleika inni í vinnuskyldu aðra en upphafstónleika 1996.

Með vinnuáætlun fyrir september 1996 hafi komið til fullra framkvæmda vinnutímaákvæði fylgiskjals kjarasamnings frá 3. maí 1987 eftir uppsögn minnisblaðsins frá 18. september 1989. Æfingatími hafi verið stytur til þess að þrennir tónleikar gætu rúmast innan vinnuskyldu á einni viku.

Athyglisvert sé að stefnandi sýnist ekki byggja rétt á minnisblaðinu frá 18. september 1989 um æfingafyrirkomulag og síðari breytingum að öðru leyti en því að mótmæla því að uppsögn minnisblaðsins geti farið fram án tengsla við uppsögn kjarasamnings.

2. Túlkun á ákvæðum b-liðar gr. 4.1.1. um greiðslur á ferðalögum innanlands. Ákvæði um sérstakt 45% álag á 4.5 klst. séu tónleikar á hljótleikaferð innanlands á laugardegi eða sunnudegi hafi komið inn með 9. gr. kjarasamnings gerðs 16. júní 1989. Frá upphafi hafi ákvæði þetta verið framkvæmt þannig að einungis sé greitt álag en ekki dagvinnulaun að auki. Á minnisblaði um álagsgreiðslur dags. 3. júlí 1997 séu lögð fram gögn um greiðslur til 2. klarinettuleikara hljómsveitarinnar á tónleikaferðum innanlands frá 1989 til og með 1997, það sé ýmist Sigurðar Ingva Snorrasonar, fasts 2. klarinettuleikara, sem notaður sé sem dæmi í stefnu eða Kjartans Óskarssonar, sem í ýmsum ferðum kom í stað Sigurðar. Af dómskjalinu komi fram að aldrei hafi verið greitt dagvinnukaup auk álagsins. Mun þessi framkvæmd ekki hafa sætt andmælum fyrr en nú.

Málsástæður og lagarök.

1. Ákvæði gr. 2.3.1. Samkvæmt meginreglum íslensks vinnuréttar verði stjórnunarréttur vinnuveitanda ekki takmarkaður nema með

lögum eða beinum kjarasamningsákvæðum. Af þessu leiði meðal annars að sá sem heldur því fram að stjórnunarréttur hafi verið takmarkaður hafi sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu. Ráðstöfun vinnutíma starfsmanna sé veigamikill þáttur í stjórnunarrétti. Svári þetta rökstuðningi stefnanda um grundvallarreglur, sem gildi á almennum vinnumarkaði um vinnutíma og stjórnunarrétt vinnuveitanda.

Með bókun með kjarasamningi dagsettum 23. september 1986 hafi samningsaðilar tekið ákvörðun um að freista þess að ná samkomulagi um breytta starfstilhögun hljómsveitarinnar sem fæli í sér rýmkaða tónleikaheimild. Þessu markmiði hafi samningsaðilar náð með fylgiskjalinu með kjarasamningi 3. maí 1987, sem tók gildi 1. september 1987. Fyrir þessa breytingu hafi stefndi beinlínis greitt með sérstakri hækkun allra starfsheita um einn launaflokk, auk þess sem hækkanir í samningnum sjálfum kunni einnig að hafa tekið mið af þessu breytta fyrirkomulagi. Með þessari breytingu á kjarasamningi aðila hafi fallið úr gildi allar venjur, sem brotið hafi í bága við breytinguna á samningnum, sem tók gildi 1. september 1987. Ekki hafi verið tilefni til notkunar hinnar rýmkuðu heimildar á starfsárinu 1987-1988 eða starfsárinu 1988-1989. Því hafi ráðið meðal annars markaðsaðstæður. Fyrir starfsárið 1989-1990 hafði minnisblaðið frá 18. september 1989, „leyniplaggið“, verið gert og ákvæði þess um lengd æfinga komið í veg fyrir að tvennir tónleikar á virkum dögum, auk laugardagstónleika, gætu að fullu fallið innan vinnuskyldu án yfirvinnuálags. Hindrun þrenna tónleika hafi því ekki verið fólgin í neinskonar venju heldur byggst á sérstöku innanhússamkomulagi.

Frá breytingunni á kjarasamningi frá 3. maí/1. september 1987 ráði stjórnendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands notum þess tíma sem alls sé ætlaður til samæfinga og hljótleikahalds og fari það eftir mati þeirra hvort heimildin sé notuð. Ljóst sé að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé það brýnt hagsmunamál að hvergi sé slakað á listrænum kröfum og æfingatími ekki skorinn þannig niður að listrænni frammistöðu sé ógnað. Mat á því sé í höndum listræns stjórnanda hljómsveitarinnar og stjórnar hennar og framkvæmdastjóra. Röksemdir stefnanda um að stefndi þurfi sérstaka sönnun fyrir því að heimilt sé að breyta æfingatíma sem hann telji venjubundinn í hljótleikatíma, falli meðal annars á áðurgreindri rýmkaðri tónleikaheimild og svo því að eðli starfseminnar krefjist þess að hluti

vinnunnar sé unninn utan dagvinnutíma. Sé það síðastnefnda óumdeilt og forsenda starfseminnar.

Minnisblaðið frá 18. september 1989, „leyniplaggið“, hafi verið innanhússsamkomulag um fyrirkomulag æfinga, en hafi ekki haft ígildi kjarasamnings þegar af þeirri ástæðu að fjármálaráðherra, sem fari með kjarasamningsumboð fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, hafi ekki staðið að samkomulaginu og megi efast um að fjármálaráðuneytið hafi yfirleitt vitað af því. Vísa megi um þetta til dóms Félagsdóms 25. mars 1993 í máli nr. 2/1993, þar sem dómurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að samkomulag nokkurra starfsmanna Stálsmiðjunnar hf. við fyrirtækið um fasta yfirvinnu yrði að teljast hópsamningur um ráðningarkjör en ekki kjarasamningur vegna þess að Verkamannafélagið Dagsbrún, sem hafi farið með kjarasamningsaðildina, hafi ekki verið aðili að samkomulaginu. Minnisblaðið hafi því verið uppsegjanlegt með sama fyrirvara og ráðningarkjör, það er þriggja mánaða fyrirvara, samanber þó gr. 5.5.1. í kjarasamningi um sex mánaða uppsagnarfrest af hálfu hljóðfæraleikara. Samkomulaginu hafi verið sagt upp með bréfi dagsettu 19. maí 1994 og hafi þá uppsögn tekið gildi þann 19. ágúst 1994. Fyrsta raunhæft tækifæri til notkunar á rýmkaðri tónleikaheimild hafi því verið í september 1994 en hafi ekki verið notað fyrr en í september 1996, eins og dómsmál þetta sýni. Ákvörðun um að beita ekki heimildinni við fyrsta mögulegt tækifæri hafi verið tekin í samráði við hljóðfæraleikara, en fyrra æfingafyrirkomulag skyldi gilda þar til nýr kjarasamningur hefði verið gerður. Hann hafi svo verið gerður 20. desember 1995 en eðlilegt hafi þótt að bíða með breytingu æfingafyrirkomulags þar til í upphafi næsta starfsárs, það er til september 1996.

Skortur á notkun heimildar í eitt eða tvö skipti myndi ekki venju, sem sé gagnstæð heimild samkvæmt kjarasamningi.

2. Tulkun á ákvæðum b-liðar gr. 4.1.1. um greiðslur á ferðalögum innanlands. Átta ára óslitin framkvæmd núverandi b-liðar gr. 4.1.1. hafi myndað fasta venju um framkvæmd hennar og hafi minnisblað um álagsgreiðslur dags. 3. júlí 1997 verið lagt fram því til staðfestu. Á sama tíma hafi samningsaðilar gert með sér kjarasamning árið 1990, 29. maí 1992, 19. janúar 1994 og 1995. Höfðu samningsaðilar þá tækifæri til að breyta ákvæðinu teldu þeir framkvæmdina í ósamræmi við ákvæðið sjálft. Til þessa hafi ekki komið og geti stefnandi

ekki sótt rétt til Félagsdóms, sem hann hafi ekki freistað að fá úr hendi viðsemjanda síns.

Að auki sé rétt að benda á að ákvæðið tryggi í reynd sérstakt viðbótarálag á yfirvinnustund, sé óháð unnum tíma og því nokkurs konar jafnaðarálag á unna stund á hljótleikaferðum. Komi ákvæðið því á engan hátt við almennum reglum um dag- og helgidagavinnu. Tilvísun stefnanda í 1. gr. laga nr. 55/1980 sé torskilin í ljósi þess sem að ofan sé sagt. Benda megi þó á að kjarasamningur aðila og venjuhelguð framkvæmd á honum sé einmitt lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein, það er hljóðfæraleik í sífóníuhljómsveit á Reykjavíkursvæðinu.

Málskostnaður.

Krafa stefnda um málskostnað er reist á 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. og 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr., báðar greinar í l. 91/1991.

Niðurstaða.

Við munnlegan flutning málsins vék lögmaður stefnda að því að til álita kæmi að vísa málinu frá dómi án kröfu, þar sem í reynd væri ekki um réttarágreining að ræða sem heyrir undir Félagsdóm að dæma um. Á þetta verður ekki fallist. Með aðilum er ágreiningur um skilning á tilgreindum ákvæðum kjarasamnings þeirra. Það heyrir undir Félagsdóm að dæma um þann ágreining samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

EKKI eru efni til athugasemda vegna málatilbúnaðar stefnanda, hvorki að því er varðar formlega sóknaraðild málsins né tilgreiningu málsástæðna í stefnu.

Um Sífóníuhljómsveit Íslands gilda lög nr. 36/1982. Samkvæmt heimild í 11. gr. laganna hefur menntamálaráðherra sett reglugerð um nánari framkvæmd þeirra. Núgildandi reglugerð er nr. 196, 18. apríl 1991 um Sífóníuhljómsveit Íslands. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 36/1982 er Sífóníuhljómsveit Íslands sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Málefni hennar heyra undir menntamálaráðuneytið.

Í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1982, sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 196/1991, fer um launakjör og vinnutíma starfsmanna Sífóníuhljómsveitar Íslands eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Um kröfulið 1. í dómkröfum stefnanda.

Ágreiningur málsaðila að því er varðar þennan lið snýst um túlkun á grein 2.3.1. í kjarasamningi þeirra frá 20. desember 1995 varðandi vikulega vinnuskyldu. Lýtur ágreiningurinn í meginatriðum að því hvort stefnda hafi verið heimilt með styttingu samæfinga að koma fyrir fleiri tónleikum inn í vinnuskyldu. Vefengir stefnandi einhliða rétt stefnda í þessum efnum og telur auk þess að greiða beri aukið tónleikahald „á yfirvinnuálagi“.

Um vikulega vinnuskyldu er fjallað í grein 2.3.1. í kjarasamningi aðila frá 20. desember 1995. Er ákvæðið svohljóðandi:

„Vikuleg vinnuskylda til samæfinga og hljómleikahalds er 24,5 klst. að meðtöldum 2,5 klst. vegna undirbúnings fyrir æfingar, enda skulu hljómleikamenn vera komnir á vinnustað eigi síðar en 15 mínútum áður en æfing hefst. Fjöldi klukkustunda á viku til samæfinga og hljómleikahalds verður því 22 klst. (virkar klst.). Vinnuskylda sína inna hljómleikamenn af hendi frá mánudegi til föstudags. 15,5 klst. á viku reiknast sem heimavinna hljómleikamanns til viðhalds menntunar og færni og til undirbúnings fyrir æfingar og tónleika.“

Samkvæmt grein 2.7.1. í kjarasamningnum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði greinar 2.3.1., að kalla hljómleikahalds til starfa vegna hljómleikahalds 6 laugardaga á starfsárinu og greiðist sú vinna ekki sem yfirvinna, rúmist hún innan vinnuskyldunnar 22 klst. á viku.

Í kjarasamningnum er ekki að finna bein ákvæði um skiptingu vinnu milli samæfinga annars vegar og hljómleikahalds hins vegar né um afmörkun þess tíma sem dagvinnuskylda skal uppfyllt. Í grein 1.4.1. er yfirvinna skilgreind og telst yfirvinna öll vinna umfram vikulega vinnuskyldu svo og öll vinna sem unnin er á sérstöku frídögum. Almennir frídagar eru samkvæmt ákvæðinu laugardagar og sunnudagar en sérstakir frídagar eru sérstaklega taldir upp svo og stórhátíðardagar sem greiðast með sérstöku álagi.

Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að verulegar breytingar voru gerðar á ákvæðum kjarasamnings aðila um vikulega vinnuskyldu 1987. Samkvæmt kjarasamningi aðila frá 23. september 1986 var vinnustundum skipt í þrennt milli samæfinga, hljómleika og eigin æfinga, auk þess sem dagvinnutími var skilgreindur. Tilflutningur á vinnuskyldu milli samæfinga og hljómleika var heimill innan dagvinnutímabils væru aðilar um það sammála. Þá var sérstaklega tekið

fram að einir tónleikar á viku skyldu teljast hluti vinnuskyldu en annar tónlistarflutningur ekki, félli hann utan dagvinnutímabils. Sérákvæði var um vinnu á laugardögum án þess að til yfirvinnu-greiðslna kæmi. Í bókun með kjarasamningi þessum voru aðilar sammála um að taka upp viðræður um breytta starfstilhögun hljómsveitarinnar sem fæli meðal annars í sér rýmkaða heimild til tónleikahalds.

Samkvæmt fylgiskjali með kjarasamningi aðila frá 3. maí 1987 leystu breytt ákvæði um vinnutíma, sem fylgiskjalið hafði að geyma, af hólmi ákvæði samningsins um sama efni og tóku hin breyttu ákvæði gildi 1. september 1987. Ákvæði fylgiskjalsins breyttu 2. kafla samningsins frá 3. maí 1987 um vinnutíma en ákvæði samningsins um þetta voru áþekk ákvæðum kjarasamnings frá 23. september 1986 um efnið.

Sú meginbreyting varð með fylgiskjalinu með kjarasamningnum frá 3. maí 1987 að ekki var lengur fyrir að fara sérstakri sundurliðun á vinnustundum fyrir samæfingar og hljótleika, heldur var vinnustundafjöldi ákveðinn í einu lagi fyrir þessa starfsþætti. Sérstakt ákvæði um tilflutning vinnuskyldu milli samæfinga og hljótleika með samþykki aðila var felld brott. Þá var ekki lengur tilgreindur fjöldi tónleika á viku (einir tónleikar) sem teldust til vinnuskyldu. Ennfremur var ekki lengur til að dreifa sérstakri afmörkun dagvinnutímabils. Samkvæmt grein 1.4.1. í kjarasamningnum frá 3. maí 1987 taldist yfirvinna vinna við samæfingar og tónleika umfram hina vikulegu vinnuskyldu og breytti fylgiskjalið ekki því ákvæði. Í fylgiskjalinu var tekið fram um vinnu á laugardögum að ekki bæri að greiða hana sem yfirvinnu, rúmaðist hún innan vinnuskyldu. Sú tilhögun, sem komst á með fylgiskjalinu og hér hefur verið lýst, er í meginatriðum sú sama og nú gildir samkvæmt kjarasamningi aðila frá 20. desember 1995.

Í málinu liggur fyrir samkomulag dags. 18. september 1989, „Æfingafyrirkomulag samkvæmt samningi dags. 16. júní 1989“ og síðari breytingar á því samkomulagi. Samkomulag þetta er undirritað af formanni stefnanda og skrifstofustjóra stefnda. Stefndi sagði þessu samkomulagi upp með bréfi dags. 19. maí 1994. Eins og samkomulagi þessu var háttað, bæði að efni og formi, verður ekki talið að það hafi haft gildi kjarasamnings milli aðila. Þá verður heldur ekki talið að framkvæmd í samræmi við samkomulagið hafi, gegn ótví-

ræðum ákvæðum kjarasamningsins, myndað venju í þá veru sem stefnandi heldur fram.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að kjarasamningur aðila veiti það svigrúm til aukins tónleikahalds innan vikulegrar vinnuskyldu sem um er deilt í málinu. Af því leiðir að ekki telst vera um yfirvinnu að ræða, sbr. grein 1.4.1. í kjarasamningi aðila.

Meginstarfsemi stefnda er tónleikahald og tónlistarflutningur, sbr. 2. gr. laga nr. 36/1982. Ljóst er að starfsemi stefnda er eðlisóskyld venjulegri atvinnustarfsemi og lýtur öðrum lögmálum. Þrátt fyrir það verður ekki talið útilokað að almennar reglur vinnuréttar um stjórnunarrétt vinnuveitenda geti að vissu marki átt við í starfsemi stefnda. Hefur því ekki beinlínis verið borið við í máli þessu að vegna eðlis starfsemi stefnda geti slíkar reglur ekki átt við enda þótt stefnandi vísi til nauðsynjar á nægum æfingum vegna listrænna krafna. Ágreiningsefnið varðar framkvæmd vinnuskyldu innan umsamans vinnutíma og felur hvorutveggja í sér hvað vinna skal og hvenær. Ákvörðunarvald um slíkt telst almennt til stjórnunarréttar vinnuveitenda. Verður að telja, eins og ágreiningsefnið er vaxið, að þær reglur eigi við í samskiptum málsaðila. Í grein 2.3.1. í kjarasamningi aðila er ekki mælt fyrir um að samráð sé haft við stefnanda um skiptingu vinnuskyldu milli samæfinga annars vegar og tónleikahalds hins vegar eða að leita skuli samþykkis stefnanda fyrir þeirri skiptingu. Enda þótt kjarasamningur aðila hafi að geyma nokkur ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að samráð sé haft við stefnanda eða samþykki stefnanda áskilið, þ.á.m. varðandi tilgreindan þátt í tónleikahaldi, sbr. grein 2.2.1. og grein 2.6.3. um samráð við gerð mánaðarlegrar starfsáætlunar, verður ekki talið, miðað við ákvæði greinar 2.3.1. og forsögu þess, að af þeim ákvæðum verði leitt að stefnda hafi verið óheimilt án samþykkis eða samráðs við stefnanda að fjölga tónleikum í september 1996.

Samkvæmt þessu og þar sem kjarasamningurinn mælir ekki fyrir um skyldu til yfirvinnugreiðslu við hinar tilgreindu aðstæður ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið 1.

Kröfuliður 2 í dómkröfum stefnanda varðar ágreining aðila um túlkun á ákvæðum b-liðar í grein 4.1.1. í kjarasamningi þeirra frá 20. desember 1995. Er ákvæðið svohljóðandi:

„Fyrir hverja ferð skal greiða, auk fastra launa, 6 klst. á yfirvinnukaupi skv. grein 1.4.1. dag hvern þ.á. m. frídaga. Standi ferðin yfir laugardag og sunnudag skal auk þess greiða 4,5 klst. á 45%

álagi skv. grein 1.5.1. fyrir hvorn dag. Önnur yfirvinna eða álag greiðist ekki.“

Ágreiningur aðila snýst um það hvort greiða beri einungis 45% álag eða dagvinnulaun að auki 4,5 klst. eins og stefnandi heldur fram. Samkvæmt orðanna hljóðan og eðli málsins samkvæmt er rétt að skýra ákvæðið svo að standi ferð yfir laugardag og sunnudag skuli til viðbótar föstum launum og 6 klst. á yfirvinnukaupi greiða 4,5 klst. á dagvinnutímakaupi að viðbættu 45% álagi reiknuðu samkvæmt grein 1.5.1. í kjarasamningi aðila. Ber því að fallast á kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið 2.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sinfóníuhljómsveit Íslands, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands, samkvæmt kröfulið 1.

Viðurkennt er að skilja ber b-lið greinar 4.1.1. í síðastgildandi kjarasamningi aðila þannig að stefnda beri að greiða hljómsveitarmönnum á ferðalögum innanlands 4,5 klst. á dagvinnukaupi auk 45% álags standi ferðin yfir laugardag og sunnudag að viðbættum 6 klst. á yfirvinnukaupi samkvæmt grein 1.4.1. dag hvern, þ.á m. frídaga.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i **Guðmundar Skaftasonar.**

Ég er sammála úrlausn meirihluta dómsins um fyrri kröfulið í dómkröfum stefnanda.

Kröfuliður 2 í dómkröfum stefnanda varðar ágreining aðila um túlkun á ákvæðum b-liðar í grein 4.1.1. í kjarasamningi þeirra frá 20. desember 1995. Greinin gildir aðeins um ferðalög innanlands. Er ákvæðið svohljóðandi:

„Fyrir hverja ferð skal greiða, auk fastra launa, 6 klst. á yfirvinnukaupi skv. grein 1.4.1. dag hvern þ.á m. frídaga. Standi ferðin yfir laugardag og sunnudag skal auk þess greiða 4,5 klst. á 45% álagi skv. grein 1.5.1. fyrir hvorn dag. Önnur yfirvinna eða álag greiðist ekki.“

Ágreiningur aðila snýst um það hvort greiða beri einungis 45% álag eða dagvinnulaun að auki 4,5 klst. eins og stefnandi heldur fram. Túlka ber ákvæði þetta með hliðsjón af grein 1.5.1. sem vísar er til. Þar er kveðið á um það að sé hluti af vikulegri vinnuskyldu inntur af hendi utan dagvinnumarka skv. grein 2.3.1. greiðist óþægindaálag á þann tíma sem umfram er. Óþægindaálag fyrir hverja klukkustund skal vera 33,33% af dagvinnutímakaupi á tímabilinu kl. 17 til kl. 24, og 45% á tímabilinu frá kl. 00 til 08 svo og á laugardögum og sunddögum. Álag þetta kemur þannig til viðbótar þeim dagvinnulaunum, sem greidd eru fyrir umfram tíma samkvæmt framansögðu. Samkvæmt því ber að skýra hið umdeilda ákvæði svo að standi ferð yfir laugardag og sunnudag skuli til viðbótar föstum launum og 6 klst. á yfirvinnukaupi greiða 45% álag, sem reiknist á 4,5 klst. dagvinnutímakaup fyrir hvorn dag.

Af hálfu stefnda er því einnig ómótmælt haldið fram að fyrir því sé átta ára óslitin framkvæmd að greiða aðeins 45% álagið, en ekki grunntaxtann, og einnig hafi á tímabilinu verið gerðir fjórir kjarasamningar án þess að leitað væri eftir breytingum á þessum uppgjörshætti.

Að framangreindu athuguðu þykir verða að hafna þessum kröfu-lið stefnanda.

Ég er sammála úrlausn meirihluta um málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna vegna Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Gunnars Sæmundssonar.

Ég er ósammála meirihluta dómenda um það að í síðastgildandi kjarasamningi aðila máls þessa sé ekki að finna ákvæði um afmörkun þess tíma sem dagvinnuskylda sé uppfyllt. Af nokkrum ákvæðum sammingsins má ráða að hann geymir þá aðalreglu að daglegum vinnutíma hljóðfæraleikara á mánudögum til og með föstudaga ljúki kl. 17:00. Í gr. 1.5.1. er kveðið á um óþægindaálag sem greiða skal á tímabilinu frá kl. 17:00 til 08:00 sé hluti vinnuskyldu inntur af

hendi utan dagvinnumarka. Einnig má nefna gr. 2.4.1. þar sem segir að síðdegisæfingu skuli lokið kl. 17:00 og fari æfing fram yfir þann tíma greiðist óþægindaálag eða yfirvinnukaup fyrir þann tíma sem umfram er. Enn má nefna gr. 2.4.3. sem takmarkar heimild til að boða til vinnu við hljóðritanir í Háskólabíói eftir kl. 17:00 við tvö skipti fyrir hverja hljóðritun. Í gr. 1.4.1. er yfirvinna skilgreind og telst yfirvinna öll vinna umfram vikulega vinnuskyldu svo og öll vinna sem unnin er á sérstökum frídögum. Almennir frídagar eru samkvæmt ákvæðinu laugardagar og sunnudagar en sérstakir frídagar eru taldir upp. Loks eru stórhátíðardagar taldir í gr. 1.4.2. en þeir greiðast með sérstöku álagi.

Megin starfsemi stefnda er tónleikahald og tónlistarflutningur, sbr. 2. gr. laga nr. 36/1982. Ljóst er að starfsemi stefnda er annars eðlis en venjuleg atvinnustarfsemi og lýtur öðrum lögmálum. Í máli þessu hefur verið á því byggt að vegna eðlis starfseminnar geti almennar reglur vinnuréttarins um stjórnunarrétt vinnuveitanda ekki átt við um hana. Á þetta má fallast að nokkru leyti. Hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru listamenn og hafa verulega hagsmuni af því að nægum tíma sé varið til æfinga enda staða þeirra sem listamanna ekki síst metin af frammistöðu þeirra á hljómleikum. Af ákvæðum kjarasamningsins er jafnframt ljóst að þótt hljóm-sveitarmenn séu skv. gr. 2.1.1. skuldbundnir til æfinga og hljómleikahalds, upptöku og flutnings í útvarpi og/eða sjónvarpi og ferðalaga innan lands og utan eiga þeir nokkurn íhlutunarrétt um það hvernig vinnuskyldu þeirra er fullnægt. Ákvæði gr. 2.4.1. sem kveður á um að flutningur morgunæfinga yfir á síðdegi verður einungis gerður með fullu samþykki starfsmannastjórnar SÍ, þótt þar sé um að ræða tilflutning innan marka dagvinnutímabils er dæmi um slíkt.

Þegar þetta er virt tel ég að líta beri svo á að stefnda hafi verið óheimilt án samþykkis stefnanda að flytja hluta vinnuskyldutíma hljóðfæraleikaranna yfir eðlileg dagvinnutímamörk föstudagsins 13. september 1996 og því hafi borið að greiða yfirvinnuálag á föst laun þeirra en ekki óþægindaálag þær 3,5 klst. sem hljómleikarnir reiknast. Samkvæmt því tel ég að taka beri dómkröfuf stefnanda undir 1. tölulið til greina.

Ég er sammála meirihluta dómenda um niðurstöðu varðandi 2. tölulið í dómkröfum stefnanda og um ákvörðun málskostnaðar.